

## Niðurfelling vega af vegaskrá

### Samantekt


Árið 2007 breytti Alþingi vegalögum á þann veg að nokkrir vegir hér á Akureyri eru ekki lengur skilgreindir sem þjóðvegir í þéttbýli. Vegkaflarnir sem um ræðir eru Borgarbraut (blátt) Hlíðarbraut og hluti af Hlíðarfjallsvegi (hvítt), hluti af Hjalteyrargötu (rautt), hluti Gránufélagsgötu (grænt) og hluti af Laufásgötu (gult). Vegagerðin sem sér um að halda utan um vegaskrá samkvæmt vegalögum hefur tekið fyrirnefnda vegkafla út og ætlar að semja við Akureyrbæ um yfirfærslu þeirra.

Kostnaðarauki fyrir Akureyrbæ er mjög mikill við það að taka við rekstri og eignarhaldi þessara vega alls 4,33 km að lengd, tvær brýr og ein undirgöng. Rekstrarkostnaður er áætlaður um 40 mkr. á ári. Stofnkostnaður við þessa vegi eins og þeir eru á skipulagin í dag gæti verið um 1.400 mkr. og leiga vegna þeirra næmi því um 90 mkr. á ári. Alls kostnaður um 130 mkr. á ári.

Veginir eru í misjöfnu ástandi Borgarbraut er yngst frá árinu 1999 en göturnar á eyrinni eru elstar og er kominn tími á endurnýjun þeirra. Hlíðarbrautin er frá árinu 1980.

Þessum götum fylgir regnvatnskerfi, Akureyrbær sér ekki um reksturinn á slíkum kerfum í dag þar sem Norðurorka yfirtók fráveituna 1. janúar 2013.

Það er ljóst að hér er um ræða mikla fjárhagslega hagsmuni fyrir Akureyrbæ og engir fjármunir fylgja þessari breytingu á vegalögum.



Kort frá Vegagerðinni

## Bréf frá vegagerðinni 25. apríl 2016 til Akureyrarbæjar

Þar kemur fram að vegagerðin mun skila umræddum vegköflum í „viðunandi ástandi“ og óskar eftir viðræðum um það við Akureyrarbæ en þann 17. febrúar 2015 samþykkti Alþingi ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 80/2007 (10.gr) þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Vegagerðinni er heimilt að semja við sveitarfélögin um yfirfærslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr.80/2007. Heimilt er að Vegagerðin annast veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2019.

Þeir þjóðvegir á Akureyri sem um ræðir eru: Hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegur, hluti Hjalteyrargötu, Silfurtangi og Laufásgata (sjá meðfylgjandi mynd merkt með bláu).

Umræddir vegkaflar eru þó ekki réttir hvað varðar lengd Hjalteyrargötu og Laufásgötu og Akureyrarbær á Silfurtanga og hefur alltaf gert. Vegagerðin hefur viðurkennt að ekki sé um rétta vegkafla að ræða og réttir vegkaflar eru þeir sem koma fram í samantektinni. Á öðrum fundum með Vegagerðinni hafa þeir varpað því fram að þeir hafi einungis fjármagn til að leggja nýtt malbik „bræða yfir“ þessa götukafla og það þurfi þeir að gera nú í sumar 2017, 2018 og síðasta kaflann 2019. Þeir vilja skila hverjum kafla um leið og búið er að bræða yfir og mundi þá Akureyrarbær taka við rekstri þessarar kafla fyrst 2017 næsta kafla 2018 og síðasta kaflann sumarið 2019. Engu að síður hafa þeir heimild til að annast veghald þessarar vega til ársloka 2019! Hvað á að gerast eftir 2019?



Kort úr bréfi Vegagerðarinnar

## „Viðunandi ástand“

Vegkaflarnir eru eins og áður sagði í mismunandi ástandi og mis gamlir. Hér að neðan er smá upptalning á þeim atriðum sem þarf að hafa í huga um ástan þessara vegkafla. Ef kemur til þess að Akureyrarbær taki við rekstri og eignarhaldi þessar vegkafla þyrfti að fá óháða úttekt á þessum vegköflum til að hægt sé að fara í viðræður við Vegagerðina um skilgreininguna „viðunandi ástand“.

Fara þarf yfir hljóðvistarmál á þessum götuköflum sbr. Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2015-2020. En þar er kveðið á um aðgerðir á vissum stöðum sem eru háðar fjármagni bæ og ríkis.

**Borgarbraut:** Fræsa og heilmalbika og mála, malbika vegaxlir, lagfæra hljóðmön og setja í endanlega hæð, lagfæra vatnsrás og bæta við niðurföllum, endurnýja hellulögð yfirkeyrslu svæði hringtorga, setja undirgöngin sem eru á deiliskipulagi við Klettaborg, bæta gangbrautarlýsingu, yfirfara umferðareyjur (gras, hellur/malbik, kantsteinar), yfirfara umferðarskilti, yfirfara vegrið.

**Hlíðarbraut:** Fræsa og heilmalbika og mála, malbika vegaxlir, endurnýja og endurstaðsetja gatnalýsingu (LED skv. Ljósvistarskipulagi Akureyrbæjar), bæta gangbrautarlýsingu, yfirfara regnvatnskerfi og rásir, endurnýja hellulögð yfirkeyrslu svæði hringtorga, yfirfara umferðareyjur (gras, hellur/malbik, kantsteinar), yfirfara umferðarskilti.

**Hlíðarfjallsvegur:** Fræsa og heilmalbika og mála, malbika vegaxlir, endurnýja gatnalýsingu (LED skv. Ljósvistarskipulagi Akureyrbæjar), yfirfara regnvatnskerfi og rásir, endurnýja hellulögð yfirkeyrslu svæði hringtorga, yfirfara umferðareyjur (gras, hellur/malbik, kantsteinar), yfirfara umferðarskilti.

**Hjalteyrargata:** Fræsa og heilmalbika og mála, endurnýja gatnalýsingu (LED skv. Ljósvistarskipulagi Akureyrbæjar), bæta gangbrautarlýsingu, yfirfara regnvatnskerfi, bæta við gangbraut skv. Skipulagi, endurstaðsetja niðurföll, yfirfara hliðarsvæði (gras, hellur/malbik, kantsteinar), yfirfara umferðarskilti.

**Gránufélagsgata:** Akureyrarbær malbikaði á sinn kostnað þessa götu í kringum árið 2007 og er því slitlagið á ágætu áskigkomulagi en það þarf að mála, endurnýja gatnalýsingu (LED skv. Ljósvistarskipulagi Akureyrbæjar), yfirfara regnvatnskerfi, leggja gangstéttar, yfirfara umferðarskilti.

**Laufásgata:** Fræsa og heilmalbika og mála, endurnýja gatnalýsingu (LED skv. Ljósvistarskipulagi Akureyrbæjar), yfirfara regnvatnskerfi, leggja gangstéttar, yfirfara umferðarskilti.



## Vangaveltur

Rammaskipulag Oddeyrar hvað þýðingu hefur það á breyttar skilgreiningar á vegakerfinu og legu þeirra?

Af hverju er leiðinni niður á höfn breytt og stytta á þann veg að vegur liggur ekki lengur niður að Tangabryggju heldur niður að Fiskitang?

Eftirfarandi kemur fram í vegalögum gr. 8:

*“a. Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og **hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.**”*

Það er óhætt að segja það að höfnin Oddeyrarbryggja 12 (við Eimskip) og Tangabryggja 11a sé mjög mikilvæg höfn fyrir ferðaþjónustu og flutninga þó sérstaklega ferðaþjónustu sbr. öll þau skemmtiferðarskip sem leggjast þar að. En fjöldinn í sumar er áætlaður **130 skipakomur og 120.000 farþegar** sem er rúmlega 6 faldur fjöldi okkar Akureyringa. Þessi skip leggjast ekki að höfninni við Fiskitanga eins og vegalögin/vegaskrá gera ráð fyrir í dag.

### Fylgiskjöl:

Rekstrarkostnaður, stofnkostnaður, exel skjal  
Bréf frá vegagerðinum, pdf